

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 2. tbl. 9. árg. 22. janúar 2015

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Tröllaborga.



## Vísubotn 2014

Undanfarin fjögur ár hefur Námsgagnastofnun efnt til vísasamkeppni grunnskólanema í tilefni af *degi íslenskrar tungu*. Í ár bárust vísubotnar frá 15 skólum víðs vegar að á landinu, frá samtals 134 nemendum. Einum nemanda á hverju stigi voru veitt bókaverðlaun og viðurkenningarskjal fyrir besta vísubotninn en fyrriparta samdi Helgi Zimsen. Gaman er að segja frá því að tveir nemendur frá Akureyri fengu verðlaun.

Á yngsta stigi var horft sérstaklega til innihalds vísubotnsins og ríms og var Gunnar Þór Sigurðarson hlutskarpastur en hann er nemandi í 1. bekk Síðuskóla á Akureyri:

Ljósín falleg lýsa brátt líða fer að jólum.

**Kennararnir hlæja hátt og halda jólin í skólum.**

Á miðstigi voru nemendur beðnir um að huga vel að ljóðstöfum og rími. Hlaut Ásdís María Þórisdóttur, nemandi í 7. bekk Brekkuskóla á Akureyri, verðlaun fyrir að botna bestu vísuna í sínum aldursflokki:

Grýlukerti glitrar á,  
glóir sólin hjarta.  
**Brennur stjarnan hjarta þá,  
bráðnar frosið hjarta.**

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/1-dagsins-onn/>



## Öryggishandbækur fyrir leik- og grunnskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga unnið að gerð handbóka um velferð og öryggi barna í leikskólum og grunnskólum. Bókunum er ætlað að vera leiðarvísir fyrir þá aðila í skólasamfélaginu sem vinna að velferð nemenda, s.s. sveitarstjórnnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem þar starfa.

Bækurnar má nýta í heild sinni eða nýta þá þætti sem henta hverju sinni. Mikilvægt er þó að í öryggishandbókunum sé tæpt á öllum þeim þáttum sem koma fram í þeim bókum sem hér eru að neðan.

Bækurnar eru fyrst og fremst ætlaðar sem uppflettirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um skólastigin.

[Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#)

[Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla

Út er komin handbókin „Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla“. Markmiðið með útgáfunni er að upplýsa kennara og annað starfsfólk skóla um einkenni og áhrif ofbeldis á börn og vekja athygli á forvörnum, inngrípi og úrræðum sem eru til staðar til að tryggja sem best velferð nemenda.

[Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla](#)



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

### Hulduheimar Kot.

Skólahópurinn fór í vikunni í bæjarferð til að gefa svöngum öndum á andapollinum brauð. Með því sýna þau ábyrgð á þeim sem minna mega sín.



### Greinar í Netlu.

**„Ég nota alla lausa tíma sem ég hef“: Netnotkun íslenskra ungmenna og mörk sem foreldrar setja þeim um netnotkun.**

Í þessari grein er skýrt frá niðurstöðum rannsóknar á netnotkun ungmenna í 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi og því hvort foreldrar setji þeim mörk varðandi hana. Byggt er á gögnum úr evrópsku rannsóknarverkefni sem hafði það að markmiði að meta algengi og áhrifaþætti netávana meðal evrópskra ungmenna. Blönduðum rannsóknaraðferðum var beitt við gagnaöflun, spurningalistakönnun og hálfstöðluðum viðtölum. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir, Eva Halapi og Kjartan Ólafsson.

<http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/008.pdf>

**Íþróttþátttaka íslenskra ungmenna: Þróun íþróttþátttöku og greining á félagslegum áhrifaþáttum.**

Þessari grein er ætlað að varpa ljósi á íþróttaiðkun íslenskra ungmenna, skoða þróun skipulagðs íþróttastarfs og sérstaklega að skoða hverjir eru líklegastir til að taka þátt í íþróttum eftir ólíkum leiðum hér á landi. Greinin byggir á viðamiklum gögnum Rannsóknar og greiningar á ungu fólki með megináherslu á könnun sem gerð var vorið 2014 meðal nemenda í 8.–10. bekk allra grunnskóla á Íslandi.

Höfundur: Viðar Halldórsson.

<http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/007.pdf>

### Fréttir frá Norrænu upplýsingaskrifstofunni.

#### Biophilia Bjarkar Guðmundsdóttur.

Björk Guðmundsdóttir hefur unnið nýskapandi kennsluefni upp úr hinni einstöku breiðskífu Biophilii í samstarfi við fjölda aðila úr vísinda- og listgreinum. Nú verður efninu dreift í grunnskóla á öllum Norðurlöndunum með aðstoð Norrænu ráðherranefndarinnar.

<http://www.norden.org/is/a-doefinni/frettir/biophilia-bjarkar-moti-visindafolk-framtidar>

#### Menntaáætlun Nordplus 2015.

Auglýst eftir styrkumsóknum til menntasamvinnu á Norðurlöndum og Eystrasaltlöndum.

Nordplus, menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, býður kennurum og öðrum sem starfa við menntamál að sækja um styrki í áætlunina. Heildarupphæð styrkja til úthlutunar er um 9 milljónir evra (tæplega 1,4 milljarður íslenskra króna). Umsóknarfrestur er 2. mars 2015.

Umsóknir eru opnar öllum þeim sem vinna að kennslu eða menntamállum og styrkir eru veittir til ýmiss konar námsheimsókna, samstarfsverkefna og samstarfsneta. Farið er fram á samstarf á milli menntastofnana og/eða annarra þátttakenda í Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Færeyjum, Grænlendi, Íslandi, Lettlandi, Litháen, Noregi, Svíþjóð eða Álandseyjum.

Opð er fyrir umsóknir í allar fimm undiráætlanir Nordplus

Nordplus Junior: leik-, grunn- og framhaldsskólar

Nordplus Voksen: fullorðinsfræðslustofnanir

Nordplus háskólastigsins: menntastofnanir á háskólastigi

Nordplus Horizontal: þverfaglegt samstarf og samstarf á milli menntastiga

Nordplus tungumálaáætlunin: aukinn málskilningur á norðurlandtungumálum (einkum dönsku, norsku og sænsku)

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu áætlunarinnar [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is)

### Nýr vefur á Tungumálatorginu.

*Velkomin* er nafn á nýjum vef á Tungumálatorgi. Frábær vefur til að auðvelda samskipti fyrstu dagana, bæði fyrir starfsfólk skóla, erlenda nemendur og foreldra þeirra. Hægt er að sjá íslensku og annað mál samhliða og hlusta á réttan framburð erlenda málsins. Flottur vefur sem var unninn fyrir styrk úr Sprotasjóði. Slóðin er: <http://tungumalatorg.is/velkomin/>

### Flutningur verkefna frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Námsmatsstofnun hefur tekið við umsýslu eftirtalinnna verkefna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Það er umsýsla með brotthvarfsverkefnum í samstarfi við framhaldsskóla, undanþágunefnd framhaldsskóla-, og innritun fátlaðra á starfsbrautir í framhaldsskóla.